

2021



DIGI2MARKET

immersive technology for SMEs

MARKETING TOOLKIT



Northern Periphery and
Arctic Programme
2014–2020



EUROPEAN UNION

Investing in your future
European Regional Development Fund





Efnisyfirlit

EMAIL MARKETING

Mailchimp
Sendinblue
Sender
Constant Contact

Efnissköpun

- Grafísk hönnun

Canva
Creatopy
Visme
Prezi

1

1

1

1

1

2

2

2

2

2



EMAIL MARKETING

Af öllum markaðsaðgerðum hefur markaðssetning í tölvupósti hæstu arðsemina - áætluð arðsemi er 38:1 og er einnig eitt af hagkvæmustu markaðsaðgerðum fyrir lítil fyrirtæki.

Það gerir fyrirtækjum kleift að einblýna á notendur sem hafa gefið upp netfang sitt eða hafa áður keypt vöru sem gerir þína markaðssetningu mjög markvissa.

Í boði eru fjölmörg forrit til að markaðssetja með tölvupósti og miða þarf val á forriti eftir þínum þörfum.

Hér eru nokkrar tillögur:



Mundu eftir að...

...hafa í huga persónuverndarlög þegar þú færð uppgefin netföng viðskiptavina og efni sem þú dreifir til þeirra.

Mailchimp



Mjög vinsælt þar sem það býður upp á frían aðgang sem inniheldur allt að 2.000 tengiliði með 10.000 tölvupóstsendingum á mánuði. Auðvelt að samþætta við WordPress, Shopify og önnur forrit.

[Heimasíða](#)

[Verð](#)

Sendinblue



Gott val á hönnunarsniðmátum sem gerir þér kleift að búa til faglega tölvupósta. Inniheldur eiginleika eins og A/B prófun og flokkun viðtakenda til að hámarka markaðsherferðir þínar.

[Heimasíða](#)

[Verð](#)

Sender



Annað frábært markaðstól fyrir tölvupósta sem er með fullt af sniðmátum. Lykilatriði er greiningin sem það veitir, sem gerir þér kleift að fylgjast með því hver opnaði tölvupóstinn þinn, hver smellti á krækjur og hvenær það var gert.

[Heimasíða](#)

[Verð](#)

Constant Contact



Byrjandavænt forrit með aðgangi að ótakmörkuðum tölvupóstum, innbyggð tól til að deila á samfélagsmiðlum, auðveldar mælingar og skýrslugerð, listaflokkun, samþættingu Facebook auglýsinga og samþættingu netverslana fyrir Shopify verslanir.

[Heimasíða](#)

[Verð](#)



EFNISSKÖPUN

GRAFÍSK HÖNNUN

Lítill og meðalstór fyrirtæki geta búið til faglegt og töff efni án þess að útvista vinnunni eða að borga háar fjárhæðir til markaðsstofa þökk sé öllum þeim fjölmörgu forritum sem bjóða upp á sniðmát með grafískri hönnun fyrir markaðsefni. Auðvelt er að nota þessi forrit og eins eru þau hagkvæm fjárhagslega. Þú þarft ekki að hafa þjálfun eða reynslu í grafískri hönnun til að skapa markaðsefni sem höfðar til viðskiptavina þinna. Hvort sem það er fyrir auglýsingar á netinu eða færslur á þínu samfélagsmiðlum geta þessi forrit hjálpað þér að fullkomna markaðsefnið þitt.

Hér eru nokkrar tillögur:



VISSIR ÞÚ?

Þetta skjal var búið til í fríum aðgangi að Canva.

Canva

Mjög vinsælt forrit og eitt það besta sem í boði er. Það er mjög auðvelt í notkun og fría útgáfan nægir fyrir flest lítill og meðalstór fyrirtæki. Það býður upp á samstarfmöguleika við verkefni sem er tilvalið fyrir teymi.



[Heimasíða](#)

Creatopy

Búðu til markaðsefni og kynningarborða fyrir samfélagsmiðla og heimasíður fljótt og auðveldlega. Einnig gagnlegt til að búa til infographics (áður kallað Bannersnack).



[Heimasíða](#)

Visme

Meðal eiginleika eru fagleg sniðmát, drag-and-drop breytingar, ókeypis gagnabankar með myndum, myndböndum, táknum og myndskreytingum, ókeypis leturgerðum, stjórnun vörumerkjastíls, samstarfi teymis og margt fleira.



[Heimasíða](#)

Prezi

Prezi, þekkt sem kynningarforrit, býður nú upp á miklu meira en það. Verkfæri fyrir myndvinnslu, innbyggðan gagnabanka, möguleika á framsetningu gagna og hreyfimyndir eru aðeins nokkur af mögulegum eiginleikum forritsins.



[Heimasíða](#)

